

MAÍ 2020

Vor í Fjarðabyggð

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Voríð kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

(Jóhannes úr Kötlum)

Dagana 16. - 25. maí fer fram hin árlega vorhreinsun í Fjarðabyggð. Starfsmenn þjónustumiðstöðva fara þessa daga um bæjarkjarnana og hirða upp garðaúrgang sem hefur á snyrtilegan hátt verið komið út fyrir lóðarmörk.

Númerslausir bílar og lausafármunir heyra ekki undir þessa þjónustu. Fjarlægung slíkra hluta er á ábyrgð eigenda. Hægt er að fá aðstoð hjá Fjarðabyggð við að afskrá bíla og koma þeim í förgun, skilgjald er 20.000 kr./bíl fyrir bíla skráða eftir 1980.

Sýnum samfélagslega ábyrgð og göngum vel um.



PÚ ERT Á
GÓÐUM STAD



FJARÐABYGGÐ
fjarðabyggð.is

Fræðsluhorníð

Á Hólmanesinu er að finna hvítt afbrigði bláklukkunnar en bláklukkan er ein af einkennisjurtum Austurlands. Fyrir forvitna þá er þetta afbrigði sem myndin sýnir að finna sunnan og neðan við ytri-Hólmborg, ofan við Gránubás.



Hefur þú séð hvíta bláklukku, ef svo er sendu okkur mynd og stað:
anna.berg@fjardabyggd.is

Mynd: Anna Berg

Uppáhalds fuglasvæðin „leirur“

Leirur eru einstök vistkerfi og eru þær m.a. forðabúr flestra vað- og andfugla. Þessi vistkerfi hafa samkvæmt fyrrgreindu hátt verndargildi sbr. lög um náttúruvernd. Þessi vistkerfi er að finna í flestum fjardabotnum Fjarðabyggðar, á þó mistórum og/eða röskuðum svæðum. Eitt stærsta og enn þá minnst raskaða leirusvæðið í Fjarðabyggð er að finna í Fáskrúðfirði. Það er því áhyggjuefni sú þróun sem átt hefur sér stað á nesinu á Fáskrúðfirði, neðan gámasvæðisins. En í gegnum árin hefur jarðefnum, grófum úrgangi, verið ytt þar út með tilheyrandi landfyllingu og röskun á vísikerfi svæðisins. Hvað getum við gert spyrja sumir sig, begar enn aðrir benda á sveitarfélagið og ábyrgð þess í þessu máli.

Það er ljóst að ábyrgð sveitarfélagsins er mikil og þarf að stöðva þá þróun sem á sérstað á nesinu þ.e. uppsöfnun rusls og landfylling með grófum úrgangi. En það er líka mikilvægt að samfélagið allt taki þátt í því að látið verði af þessari hegðun þá í formi skilnings, umhverfisvitundar og góðrar umgengni.



Í sumar er á áætlun hjá Fjarðabyggð að fá stöðvað afar slæma umgengi á nesinu. Fyrirhugað er að garðefnasvæðinu verði settar fastari skorður og að móttöku grófs úrgangs á borð við malbik og múrbrot, verði hætt á svæðinu. Rusl neðan gámapallarins verði fjarlæggt og það svæði lagað.

Með því að laga svæðið á nesinu á Fáskrúðfirði er þess vænst að þar geti hafist ný og umhverfisvænni vegferð á þessu fallega og gjófula fuglasvæði. Mikilvægt er að við tökum höndum saman í að ganga vel um náttúruna.

Yfirlag gróðurbeða

Gróðurbeð með yfirlagsefnum eru fyrr að taka við sér á vorin og koma betur undan vetri. Sláttargras og garðamolta (unnin úr sláttargrasi) eru dæmi um gott yfirlag í gróðurbeð. Að setja sláttargras sem yfirlag á beð er góð og umhverfisvæn leið í að losna við það. Áskillegt er að hafa hið minnsta 10 cm jafnt lag af sláttargrasi yfir beðinu og muna að bæta reglulega í yfir sumarið.

Garðamolta, molta unnin úr sláttargrasi, er afbragðs yfirlagsefni þar sem hún er bæði er full af næringu og skýlir beðinu. Við upphaf þess að setja garðamoltu sem yfirlag er ágætt að setja um 10 cm lag yfir beðið. Bæta þarf árlega í yfirlagsefnið, þ.e. á vorin, með um 2-3 cm lagi af garðamoltu.

Yfirborðslag gróðurbeða hefur marga góða kosti það m.a. hindrar spírun illgresis, heldur jarðvegsbyggingu í jafnvægi, minnkar hættu á að næringarefni skolist úr moldinni og verndar rætur blóma í beðinu gegn frostskeiðum.



Mynd: Anna Berg

Sumarblóm

Sumarblóm hafa fest sig í sessi sem yndisauki. Þegar líða tekur að sumri er ágætt að miða við að gróðursetning sumarblóma sé lokið fyrir 17 júní. Við val á sumarblómum er gott að meta samsetningu plantna út frá m.a. hæð, lögun og lit svo plönturnar passi saman. Einnig er gott að huga að blöndun lita og tegunda, oft er einfaldeikinn bestur.

Fyrir plöntun þarf að útbúa beðið eða karið sem blómin á að fara í, t.d. bæta mold og loffa vel. Ágætt er að bleyta moldina svoltið áður en blómin eru sett niður. Góð regla er að vera búin að raða blómum upp og ákveða niðurröðun áður en þau eru tekin úr pottunum til að lámarka tímann sem ræturnar eru berskjaldaðar fyrir sóli, einnig er mikilvægt að losa um rótarhnausinn t.d. að skera frá botni og upp eða rífa með höndum. Það flýtur fyrir rætingu plöntunnar á nýjum stað.

Til að halda blómum fallegum allt sumarið þarf auðvita að vökva vel gott er að vökva 3ja hvert skipti með lífrænum áburði. Best er að vökva snemma morguns eða kvölds.

Umhverfisviðurkenning Fjarðabyggðar 2020

Umhverfisviðurkenning er bæði viðurkenning og hvatning til góðrar umgengni. Óskað er eftir því að fá sendar tilnefningar til umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar í eftirfarandi flokkum:

- Snyrtilegasta lóð fyrirtækis
- Snyrtilegasta íbúðarlóðin
- Snyrtilegasti lóð í dreifbýli

Tilnefning ásamt mynd skal senda rafrænt til umhverfisstjóra, anna.berg@fjardabyggd.is.

Frestur til að tilnefna er til og með 31. júlí nk.



Verðlaunahafar umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar 2019 ásamt starfsm. og bæjarfulltrúum Fjarðabyggðar. Mynd Anna Berg

Dýraeftirlit Fjarðabyggðar

Lausaganga hunda er óheimil innan þéttbýlissvæða Fjarðabyggðar. Þeir sem verða þess varir að hundar gangi ítrekað lausir eru beðnir um að tilkynna slíkt til eftirlitsins, dýraeftirlit@fjardabyggd.is. Með tilkynningu skal senda upplýsingar um dýrið og helst mynd gerist þess kostur.

Hagkvæmar upplýsingar um dýrahald má finna inn á vef Fjarðabyggðar og á fésbókarsíðu dýraeftirlitsins, gæludýr í Fjarðabyggð. Neyðarsími eftirlitsins utan almenns skrifstofutíma er 834 0824.



Prins og Freyja. Mynd: Anna Berg

Númerslausir bílar

Á síðasta ári hóf Fjarðabyggð átak í að fá fjarlægða númerslausa bíla/ bílhræ af opnum svæðum í Fjarðabyggð. Þeir sem hafa númerslausa bíla/bílhræ í óþökk á sinni lóð býst aðstoð sveitarfélagsins í að fá þá fjarlægða. Nánari upplýsingar um ferlið veitir Anna Berg umhverfisstjóri, s. 470 9000 eða anna.berg@fjardabyggd.is.

Garðefnasvæðin í Fjarðabyggð

Í Fjarðabyggð hefur á síðustu fjórum árum átt sér stað sú þróun að vinna garðaúrgang þ.e. að umbreyta sláttargrasi í garðamoltu og kurla niður tré og trjágreinar. Við þessa vinnslu þurfum við móttökustöðvar og er það misjafnt á milli byggðarkjarna hvort hægt sé sökum landnáðis og eignarhalds lands, að fullvinna garðaúrganginn. Á einhverjum stöðum, líkt á Eskfirði, er garðefnum keyrt til Reyðarfjarðar til fullvinnslu og er það gert sökum þess að á Reyðarfirði eru betri aðstæður til vinnslunnar. Fyrirhugað er að svo verði áfram ásamt því að keyrt verði frá fleiri byggðarkjörnum. Akstur með garðaúrganginn er hagkvæmur kostur þar sem vinnsla efnisins verður skilvirkari.

Þeir sem koma með garðaúrgang er bent á að ganga vel um svæðin, floska gras frá trjágreinum og alls ekki hafa mold/möl með. Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum um hvar megi henda því sem komið er með og taka allt plast frá. Afurðinn verður aldrei betri en það sem lagt er upp með.

Garðyrkjustjóri Fjarðabyggðar veitir allar nánari upplýsingar um garðefnasvæði Fjarðabyggðar, s. 470 9000 helga.b@fjardabyggd.is.

Upplýsingar um móttöku garðefna í sumar 2020:

Neskaupstaður - inn við gömlu bræðsluna.

Eskfirjörður - Inn í Langadal.

Reyðarfjörður - tímabundið í Teigagerði, verður svo flutt á varanlegt svæði síðsumar.

Fáskrúðsfjörður - á nesinu neðan við gámasvæðið.

Stöðvarfjörður - bakvið gámasvæðið.


Breiðdalsvík - á planinu við gámasvæðið.

Enginn getur allt en allir geta eitthvað

Á okkar tímum er gerð krafa um að við skilum úrgangi frá okkur á sem skynsamastan hátt. Alltaf er verið er að leitast við að gera flokkunina einfaldari og aðgengilegri fyrir okkur til að árangur á þessu sviði verði góður. Fjarðabyggð bætti við þriðju tunninni fyrir lífræna sorpið í febrúar 2018. Það er ágætis þróun er í aukinni flokkun í sveitarfélaginu en á milli árána 2018 og 2019 minnkaði magn almenns sorps um 7 %, endurvinnsla úrgangs jókst um 2% og lífræn flokkun um 5 % á milli ára.

Þessi bætting á milli ára, 2018 og 2019, eru sannarlega bæði jákvæðar og ánægjulegar og bindum við nú vonir um að á árinu 2020 gerum við enn betur. En það liggja sannarlega tækifæri hjá okkur betri flokkun á endurvinnanlegu sorpi og þar með minnka hlutfall almenna sorpsins. Ef einhver vafaatriði koma upp í sambandi við flokkun má finna flokkunarleiðbeiningar inná vef Fjarðabyggðar (www.fjardabyggd.is) og á vef Íslenska gámafélagsins (www.igf.is).

SORPHIRÐA Í FJARÐABYGGÐ
SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Leyfi vegna framkvæmda

Nú þegar vorið er komið og sumarið er á næsta leiti, huga margir að því að fegra umhverfið sitt með ýmsum smábyggingum s.s. pöllum og girðingum. Þessu fögnum við en til að koma í veg fyrir ágreining og að ekki sé ráðið í óleyflegar framkvæmdir er minnt á að í mörgum tilfellum þarf að sækja um leyfi fyrir:

- Garðskúrur
 - Pöllum
 - Girðingum og skjólveggjum
 - Móttökulofnetum og móttökudiskum
- Frekari upplýsingar má nálgast hjá umhverfis- og skipulagssviði í síma 470-9000 eða á netfangið byggingarfulltrui@fjardabyggd.is.
- Upplýsingar um hvaða framkvæmdir eru undanþegnar byggingarleyfi má einnig finna í gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarreglugerð er aðgengileg á síðinni www.reglugerd.is

Stöðuleyfi fyrir gáma

Sækja þarf um stöðuleyfi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar til að láta gáma og aðra lausafármuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafármuna.

Hægt er að nálgast reglur um stöðuleyfi lausafármuna og gjaldskrá í Fjarðabyggð á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is, á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð og í þjónustugáttum bókasafna.

Skipulögð gámasvæði eru í öllum þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 470-9000 eða á netfangið byggingarfulltrui@fjardabyggd.is

Framkvæmdafréttir

Framkvæmdir á árinu 2020 eru helstar þær að verið er að ljúka við viðbyggingu leikskólans Lyngholts en unnið verður í breytingum á lóð leikskólans fram eftir sumri.

Skólavegur á Fáskrúðsfirði verður malbikaður í byrjun júní og er það síðasti áfanginn í þeirri stóru framkvæmd sem hefur tekið nokkur ár. Einnig er verið að klára byggingu á nýjum vatnstanki á Fáskrúðsfirði.

Göngu- og hjólastigar, á Eskirfði er unnið þessa dagana að því að klára að keyra yfirborðsefni í stíga þar og lagfæra aðra stíga einnig verur unnið í stígum á Reyðarfirði. Stefnt er að því að ofanflóða framkvæmdir við Lambeyrará fari í útboð í lok maí og framkvæmdir hefjist þar núna í sumar. Stefnt er að byggingu nýs vatnstanks í Fannardal á þessu sumri, framkvæmdir við ofanflóðavarnir neðan urðarbotna og Sniðgill ganga vel, þær framkvæmdir verða fram á árið 2021.



Kortasjá

Korta- og landupplýsingakerfi er aðgengilegt á heimasíðu Fjarðabyggðar.

Í kortasjánni er hægt að skoða teikningar af byggingum, fá upplýsingar um lagnir s.s. vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu og þar eru upplýsingar um aðalskipulag, deiliskipulag og minjavernd. Í kortasjánni er einnig hægt að skoða loftmyndir og götukort, mælavegalengdir ofl.

Kortasjón er tengd Þjóðskrá Íslands og er hægt að nálgast þar opinberar upplýsingar fyrir einstaka hús eða stærri svæði. Upplýsingar og aðstoð varðandi notkun á kortasjá veitir Kristrún í síma 470 9000 eða á netfanginu: kristrun.ragnarsdottir@fjardabyggd.is.

Íbúagátt

Íbúagáttinni inn á www.fjardabyggd.is er hægt að sjá álagninga- seðla fasteignagjalda, gjaldafritlit gagnvart sveitarfélaginu og hægt að sækja um þjónustu þess. Til þess að nálgast þetta þarf að innskrá sig með íslyklí eða Rafrænum skrifríkjum.

Í Íbúagáttinni er hægt að sækja um ýmsa þjónustu umhverfis og skipulagssviðs. Hægt er að sækja um lóð, land til leigu, byggingarleyfi, stöðuleyfi og leyfi til dýrahalds, hvort sem um er að ræða hunda, ketti eða fjóurfé. Eftir að sótt er um er hægt að hafa samskipti við þann sem sér um málið í gegnum Íbúagáttina og afgreiðsla málsins verður síðan þar í gegn einnig.

Þetta fyrirkomulag er ekki aðeins bætt þjónusta við íbúa heldur gerir þetta stjórnsýsluna umhverfisvænni þar sem notkun á pappír minnkar töluvert.

Ábendingakerfi

Fjarðabyggð hefur tekið í notkun ábendingakerfi á vefnum www.fjardabyggd.is sem ætlað er að einfalda samskipti og tryggja góða svörun til íbúa við ábendingum.

Fjarðabyggð telur það vera mikilvægan hluta af starfsemi sinni að ábendingar bæjarbúa komist skýrt og skilmerkilega rétta leið og að vel sé haldið utan um þær. Bæjarbúar eru hvattir til að láta vita um skríltandi brunnlök, sködduð umferðamerki, lausar hellur, yfirfullar ruslatunnur, skemmda bekkir, óvirka götulyðingu og hvað annað sem tengist þjónustu Fjarðabyggðar.

Kynntu þér málið á www.fjardabyggd.is og verum í sambandi!

Þetta er að hreinska við öllum ábendingum eins fljótt og hægt er. Ef ábending lýtur að öðru en því sem er í vefnaðing sveitarfélagsins reynum við að koma honni afram til rétta aðila.

Hægt er að sækja um á kortið staðsetningu ábendingarinnar og hafa hana merktu á kortinu. Þú getur einnig valið minnstu og háttu á kortinu til að skoða eða minna kortið.

Fjarðabyggð
470 9000

Heiti
Nefning
Ástugasend

Sendu

Leita

map.is

Loftmyndir ehf

Kæruíbúar Fjarðabyggðar

Fyrstu dagar sumars eru gleðileg og spennandi tímamót. Við skiljum þá við langan og erfiðan vetur sem verður okkur minnistæður fyrir erfiðleika og vá, sem við höfum ekki getað séð fyrir, í formi farsóttar. En hinn náttúrulegi hefðbundni vetur er brátt að baki, birtan er nú að hafa fullan sigur yfir myrkfirnu, snjórin er smám saman að hörfa undan geislum sólarinnar og það er vor í lofti. Eftirvænting eftir góðu sumri, þar sem við njótum góða veðursins og samveru með okkar nánustu.



Sumarkomunni fylgir líka alltaf einhver fiðringur að drífa sig út og taka til hendinni í okkar nær umhverfi og við viljum taka á móti sumrinu með snyrtilegt í kringum okkur. Mig langar því til að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til að taka þátt í hinni árlegu vorhreinsun Fjarðabyggðar dagana 16. – 24. maí nk. Starfsmenn sveitarfélagsins munu þá vera á ferðinni í bæjarkjörnum Fjarðabyggðar og hreinsa upp garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk. Það er því um að gera að nota tækifærið og taka til hendinni í garðinum og nánasta umhverfi.

Fjarðabyggð hefur löngum vakið aðdáun vegna hinnar miklu náttúruferugurðar sem hér er og hefur dregið að sér folks viðsvegar af landinu, og heiminum öllum. Þessi fallega náttúra er arfur næstu kynslóða og með góðri umgengni munum við skila landinu af okkur í enn betra ástandi en þegar við tókum við því. Góð umgengi um okkar nærumhverfi er nauðsynleg, og mikilvægt að þar séum við öll meðvituð um að standa okkur sem best. Líkt og áður mun ég leggja mig fram um, að sveitarfélagið standi við bakið á íbúum og fyrirtækjum, með það að markmiði að við getum öll verið stolt af umhverfi okkar. Með samstilltu átaki í hreinsun og umhirðu munum við festa sess okkar í fremstu röð í umhverfismálum.

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.

Karl Óttar Pétursson,

bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Til þjónustu reiðubúin

Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs og framkvæmdasviðs Fjarðabyggðar eru íbúum til aðstoðar og ráðgjafa í umhverfismálafnum sveitarfélagsins:

Valur Sveinsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs – valur.sveinsson@fjardabyggd.is
Marínó Stefánsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs – marino.stefansson@fjardabyggd.is
Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri - anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is
Svanur Freyr Arnason, verkefnastjóri á Framkvæmdasviði – svanur.arnason@fjardabyggd.is
Katrínun Ragnarsdóttir, þjónustufulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs
- kristrun.ragnarsdottir@fjardabyggd.is

Helga Björk Einarisdóttir, garðyrkjustjóri – helga.b.einarsdottir@fjardabyggd.is

Einnig má hafa samband við starfsmenn sviðsins í síma 470 9000.